



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

146. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn fimmtudaginn 18. maí og hófst hann kl. 17:30. **Mættir:** Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðmundur Björnsson, formaður skólanefndar, Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara, Helga S. Harðardóttir, fulltrúi nemenda, Ingimundur Þ. Guðnason, Jón Gunnarsson, Bogi Hallgrímsson og Jón Sæmundsson, fjármálastjóri og fundarritari.

1. Verkfallsmál.

Hjálmar Árnason, skólameistari, gat þess að nú um hádegisdag hefur náðst samningar við samningarnefnd B.H.M.R. en verkfall þetta hefur staðið í um 6 vikur. Kl. 14:00 í dag var kennarafundur og lauk honum fyrir nokkrum mínútum. Þar kom fram eindreginn vilji að gera sitt besta, svo skaði þessa langa verkfalls verði sem minnstur en öllum er ljóst að enginn kostur er góður. Hjálmar sagði að nemendur kæmu í skólann kl. 08:15 á morgun og kennt yrði næstu þrjá daga.

Próf hefjast þriðjudaginn 23. maí og lýkur 31. maí, skólaslit og útskrift laugardaginn 3. júní.

Hjálmar gat þess að fyrirhugað væri að bjóða nemendum einnig upp á próf í byrjun haustanna. Þá yrðu nokkrir áfangar metnir á grundvelli gagna er kennarar hefðu.

2. Kennararáðningar.

Eftirtaldir hafa sótt um endursetningu:

Bjarni Jóhannsson,
Borgþór Arngrímsson,
Magnús Ó. Ingvarsson,
Sumarrós Sigurðardóttir,
Svanhildur Kjær (1/2 staða),
Þór Stefánsson,
Sigríður Bílddal,
Alda Jensdóttir,
Gísli Torfason,
Helena Valtýsdóttir (til áramóta),
Hjörtur Marteinnsson,
Jón Pálmi Skarphéðinsson,
Kristján Pétur Ásmundsson,
Magnús B. Halbjörnsson,
Oddný G. Harðardóttir,
Sigurlaug Kristinsdóttir (1/2 staða),
Þorvaldur Sigurðsson,
Kolbrún Valdimarsdóttir.

Samþykkt að mæla með setningu til eins árs að undanskilinni Helenu Valtýsdóttur en þar er mælt með setningu til næstu áramóta.

Nýjar umsóknir:

Axel A. Nikulásson,
Baldur Þ. Guðmundsson,
Baldur I. Jóhannsson,
Sigfús Einarsson.

Samþykkt að mæla með Axel A. Nikulássyni og Baldri Þ. Guðmundssyni.

Sigrún Þorsteinsdóttir, enskukennari, biður um framlengingu orlofs til áramóta. **Samþykkt.**

Björn Sturlaugsson sækir um endursetningu. Skólameistari mælir með frestun þar sem mjög óljóst er um nemendafjölda á tréiðnaðarbraut þar sem Björn kennir. **Samþykkt.**

Skólameistari upplýsti eftirfarandi:

Ósa Knútsdóttir fer í eins árs orlof.
Ingólfur Halldórsson kemur úr orlofi til kennslu.

Eftirtaldir kennarar láta af störfum.

Helgi Eiríksson,
Anna Lea Björnsdóttir,
Kristinn Kristjánsson.

Skólanefnd þakkar þeim heilladrjúg störf í þágu skólans.

3. Tilraunir í F.S. á vegum Menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið hefur mælt til þess við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Suðurlands að þeir geri tilraun með nýja námsbraut, sem nefnd hefur verið atvinnulífsbraut en þessi braut er hugsuð sem sambland af bók og verknámi. Þetta er tilraun yfirvalda til að koma til móts við nemendur hvað varðar fjölbreytni í námi.

4. Önnur mál.

a) Trúnaðarmál.

b) Hjálmar Árnason, skólameistari lagði til að innritunargjöld fyrir haustönn verði kr. 4.300.- og af þeirri upphæð renni kr. 300.- til styrktar leiklistarstarfsemi skólans. **Samþykkt.**

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.


Jón Sæmundsson,
fundarritari.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Suðurnesjum 10. maí 1989.

F U N D A R B O Ð.

Boðað er til fundar í skólanefnd FS fimmtu-
daginn 18. maí 1989 og hefst hann kl. 17:30

D a g s k r á.

1. Kennararáðningar.
2. Tilraun í FS á vegum
Menntamálaráðuneytis.
3. Verkfallsmál.
4. Önnur mál.

Innráðuneytið. 4.500
Björnsd.
Sig. Eil.

Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar.

Ath. breyttan fundartíma.